

# HELSTU ATRIÐI ÚR SAMNINGI ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ) OG ICELANDAIR VEGNA INNANLANDSFLUGS

**Gildir frá 1. febrúar 2021 til 31. desember 2025**

Markmiðið með samningnum er að íþróttafólk, stjórnarmenn og starfsmenn á vegum ÍSÍ, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga, deilda innan vébanda ÍSÍ og sérstakra samstarfsaðila samþykktum af ÍSÍ (hér eftir ÍSÍ farþegi) ferðist innanlands með Icelandair.

Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

## **Samningurinn á eingöngu við um innanlandsflug Icelandair.**

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvaralaust og/eða getur Icelandair þá rift samningi gagnvart einstökum sambandsaðilum/íþróttafélögum innan ÍSÍ.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur Icelandair forgang á að flytja aðila á vegum ÍSÍ innanlands. ÍSÍ beitir sér fyrir því að íþróttahreyfingin ferðist með Icelandair á leiðum þess.

## **Bókanir vegna ÍSÍ einstaklinga:**

- Icelandair mun senda ÍSÍ inneignarnúmer sem hvert er með 2.700 kr. inneign.
- ÍSÍ farþegi hefur samband við skrifstofu ÍSÍ fyrir hverja ferð og ef hann á rétt á styrk þá fær hann eitt inneignarnúmer fyrir hvern fluglegg.
- Einstaklingurinn bókar ferð sína á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) og notar upphæðina upp í það almenna fargjald sem til er hverju sinni.

**ATH:** Einungis má nota eitt inneignarnúmer á mann upp í greiðslu á hverjum fluglegg. Ef fleiri en ein inneign er notuð þá áskilur Icelandair sér rétt til þess að taka út auka inneign og rukka viðkomandi einstakling um mismuninn.

## **Bókanir vegna ÍSÍ Íþróttahópa:**

- Hópadeild Icelandair sér um allar bókanir fyrir íþróttahópa.
- Opnunartími hópadeildar er virka daga á milli klukkan 08:00 – 16:00.
- Netfang hópadeildar er [sport@icelandair.is](mailto:sport@icelandair.is)
- Beinn sími hópadeildar er 5050-406
- Íþróttahópar eiga kost á því ÍSÍ-hópafargjaldi sem er í boði hverju sinni.
- **Dómarar á vegum ÍSÍ:** Bókanir mun fara í gegnum Hópadeild Icelandair og munu skilmálar fyrir þá vera eins og fyrir aðra ÍSÍ-hópa.
- *Ath. að eftir því sem bókunarfyrirvarinn er lengri því meiri líkur eru á að fá lægra ÍSÍ gjaldið.*

## Skilmálar á hópafargjöldum:

- Íþróttahópur skal ætíð ferðast saman. Ef hópur flýgur fram og til baka, þá skal hópur ætíð hefja ferð saman en heimilt er að gera einstakar breytingar á heimflugi.
- Fargjöldin veita ekki Vildarpunkta Icelandair.
- Hópar verða að bóka með að lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara.
- Staðfestingargjald til greiðslu við bókun kr. 2.500,- pr. fluglegg (kr. 5.000,- fram og til baka) fæst ekki endurgreitt
- Nafnalisti með kennitölum, gsm númer fyrir bókunina og lokagreiðsla þarf að berast sjö virkum dögum fyrir brottför. Ef nafnalisti berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur Icelandair sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 2.500,- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega ef afbókað er að lágmarki 24 klst. fyrir brottfaratíma. Sé afbókað með minna en sólarhrings fyrirvara þá fæst ekkert endurgreitt nema flugvallarskattar.
- Breytingargjald er að lágmarki kr. 2.500,- pr. fluglegg pr. farþega (auk fargjaldamismunar ef ekki er laust á sama fargjaldi).
- 23 kíló eru leyfilegur farangur / 6 kíló handfarangur.
- Greiða þarf sérstaklega fyrir sértækan farangur eins og t.d. skíði og golfsett. Ef aðildarfélag ÍSÍ kemur með sértækan farangur í vöruafgreiðslu Flugfrakt Icelandair Cargo (samstarfsaðili Icelandair) 24 klst. fyrir brottför þá veitir Icelandair 50% afslátt af sértækum farangri.
- Börn undir 12 ára fá 20% afslátt af ofangreindum verðum.

## ÍSÍ hópafargjöld:

ÍSÍ	Fargjald	Skattur* frá RKV	Skattur* til RKV
Akureyri	10.800	2.795	1.990
Egilsstaðir	12.400	2.795	1.990
Ísafjörður	10.800	2.795	1.990
Vestmannaeyjar	7.600	2.795	1.990

ÍSÍH	Fargjald	Skattur* frá RKV	Skattur* til RKV
Akureyri	14.900	2.795	1.990
Egilsstaðir	16.900	2.795	1.990
Ísafjörður	14.900	2.795	1.990
Vestmannaeyjar	11.800	2.795	1.990

\* Skattar gefnir upp hér eru í gildi 30. jan 2021. Ath. að skattar geta breyst.

## Skilmálar varðandi nafnabreytingar:

- Ekkert gjald er tekið fyrir nafnabreytingar, nánar hér:
- Nafnabreytingar verða að berast fyrir kl. 15:00 virka daga á [sport@icelandair.is](mailto:sport@icelandair.is)
- Nafnabreytingar eftir lokun hópadeildar, ef upp koma óvænt tilfelli með skömmum fyrirvara:
  - Senda tölvupóst á [rekap@icelandair.is](mailto:rekap@icelandair.is) fyrir klukkan 21:00 kvöldið fyrir ferðadag.
  - Hringja í þjónustuver Icelandair í síma 5050 100 sem er opið 07:00 – 17:00 alla daga.
- **Nafnabreytingar eru ekki heimilaðar við brottför á flugvelli.**

Mæting er 45 mínútum fyrir brottför og verða farþegar að hafa með sér skilríki. Leyfilegur innritaður farangur er ein 23 kg. taska og 6 kg. í handfarangur.